

## 8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárhald girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. lög nr. 38 23. maí 1980, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1982.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## G J A L D S K R Á

fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar  
— heimilis aldraðra.

## 1. gr.

Fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti .....	kr. 6,00
2. taxti .....	— 35,00

## 2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxta greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöfalds einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem þessar upphæðir eru í þeim mánuði, sem heimaþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxta. Hjón og sambýlisfólk er nota heimaþjónustu greiða eftir 1. taxta, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1,5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxta ella.

## 3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

## 4. gr.

Heimaþjónusta sem innt er af hendi eftir 1. febrúar 1982 skal greidd eftir gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Hin nýja gjaldskrá er sem hér segir:

Aðgangseyrir fullorðinna .....	kr.	8,00
Aðgangseyrir barna .....	—	4,00
Gufubað .....	—	14,00
Sundföt .....	—	7,00

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

### 1. gr.

Greiðslur sjúkrasamlaga á lyfjakostnaði eru því aðeins heimilar samkvæmt eftirfarandi, að fyrir liggja lyfseðill læknis (tannlæknis), sem afgreiddur hefur verið í lyfjabúð eða af öðrum aðilum (læknum), sem rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu samkvæmt lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.

### 2. gr.

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin auðkennd með „100“ í gildandi lyfjaverðskrám:
  - a. Astma.
  - b. Berklaveiki.
  - c. Briskirtilsbólga, langvarandi.
  - d. Flogaveiki.
  - e. Gláka.
  - f. Hjartasjúkdómar (hjartaöng, hjartsláttartruflanir).